

Nd.

166. Tillaga

til þingsályktunar um að skora á ríkisstjórnina að endurskoða siglingalöggjöfina.

Flutningsm.: Sigurjón Á. Ólafsson og Haraldur Guðmundsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða siglingalög nr. 56, frá 30. nóv. 1914, og leggja fyrir næsta þing breyting á lögnum, er gangi í svipaða átt og sjómannalög þau, er nú gilda á Norðurlöndum.

Greinargerð.

Siglingalögin frá 1914, er nú eru í gildi, voru að mestu leyti þýðing á siglingalögum Norðurlanda. Nú hafa þessi ríki öll endurskoðað siglingalög sín, Danir árið 1923, Norðmenn sama ár, Svíar 1922 og Finnar 1924. Breytingin hefir orðið allmikil á lögnum hjá öllum þessum þjóðum og miðar sjerstaklega í þá átt, að samræma þau við kröfur nútímans. Sjerstaklega hefir sá hluti siglingalaganna, sem hljóðar um skipshöfn, orðið fyrir verulegum breytingum til bóta. Meðal skyldra þjóða, er mikil viðskifti eiga saman, er það af mörgum talið nauðsynlegt, að siglingalög þeirra sjeu sem líkast. Jafnvel er sú stefna uppi, að samræma beri siglingalöggjöf allra þjóða sem allra mest.

Íslendingar eru nú orðnir langt á eftir nágrannaþjóðum sínum um þessa löggjöf, enda margar raddir fyr og síðar um, að endurskoða þurfi lögin. Með breyttum tímum og atvinnuháttum virðist sú krafa vera mjög eðlileg. Krafa þessi hefir ekki verið mjög hávær, þó hún sje jafnalmenn hjá öllum þeim, er á sjónum vinna, jafnt yfir- sem undirmönnum. Hásetarnir hafa þó orðið fyrstir til að

kveða upp úr með þessa kröfu, með því að samþykkja í einu hljóði ályktun á fundi í Sjómannafjelagi Reykjavíkur 23. f. m., sem gengur í sömu átt og tillaga sú, er hjer er flutt. Þar sem um svo stóran lagabálk er að ræða, virðist sjálf-sagt, að slík endurskoðun fari fram milli þinga, svo vandvirknislega sje frá henni gengið. Því er hjer lagt til, að stjórninni sje falið að annast það.